

56, 1926, um notkun bifreiða. Eru og allar líkur fyrir því að hraðinn hafi verið miklu meiri að minnsta kosti eftir að hann kom fram fyrir hina bifreiðina, og verður samkvæmt framangreindu engin skynsamleg orsök fundin til slyssins önnur en mikill hraði samfara ónógri stjórn á bifreiðinni og ógætni við að aka fram hjá bifreiðinni, sem á undan var. Það verður því að telja sannað, að kærður hafi umrætt skipti orðið brotlegur við 6. og 7. sbr. 14. gr. laga nr. 56, 1926, um notkun bifreiða.

Kærður var með dómi hæstaréttar, uppkveðnum 12. okt. 1928 dæmdur í 1 mánaðar einfalt fangelsi og missi ökuleyfis í eitt ár fyrir brot gegn 200. gr. alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869, og 6. gr. bifreiðarlaganna. Kærður hefir upplýst, að hann sé taugaveiklaður og hjartveikur, en það hvorttveggja verður að álíta mjög bagalegt fyrir bifreiðarstjóra og veikja mjög öryggi akstursins.

Refsing kærðs þykir með hliðsjón af framangreindu hæfilega metin 50.00 króna sekt til rikissjóðs og verður með því að um ítrekað brot er að ræða og með tilliti til allra atvika að svifta hann ökuleyfi æfilangt. Sektin greiðist innan mánaðar, ella komi í hennar stað einfalt fangelsi í 5 daga. Svo greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 11. nóv. 1931.

Nr. 64/1931. Axel Kristjánsson

(Garðar Þorsteinsson)

gegn

**skiptráðandanum í Reykjavík, f. h.
þrotabús Lúðvigs C. Magnússonar og
Ingvars Benediktssonar og hlutafé-
lagsins „Fjölnir“. (Enginn).**

Viðurkenndur sjóveðréttur fyrir kröfu samkv. 236, sbr. 53. gr. siglingalaganna.

Dómur sjóréttar Reykjavíkur 19. dezbr. 1930: Stefnir, Lúðvik C. Magnússon og Ingvar Benediktsson, greiði in solidum stefnendunum, Jóni Ásbjörnsyni & Sveinbirni Jónssyni, hrm., f. h. Axels Kristjánssonar kr. 696,40 með 6% ársvöxtum frá 8. október 1930 til greiðsludags og kr. 123,50 í málskostnað, innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Mál þetta höfðaði áfrýjandi í héraði gegn eigendum og útgerðarmönnum fiskiskipsins Fjölur, þeim Lúðvig C. Magnússyni og Ingvari Benediktssyni, en með því að þú þeirra hefir verið tekið til gjaldþrotaskipta, eftir að dómur gekk í héraði, hefir áfrýjandi stefnt skiptaráðandanum í Reykjavík fyrir hönd þrotabúsins, svo hefir hann og stefnt stjórnendum h/f „Fjölur“, er nú á skip það, sem krafizt er sjóveðréttar í, til að gæta réttar síns. Hinir stefndu hafa eigi mætt í hæstarétti og hefir málið verið rekið þar skriflega.

Áfrýjandi krefst þess aðallega, að hinum áfrýjaða sjóréttardómi verði breytt þannig, að hinn stefndi skiptaráðandi verði, f. h. þrotabúsins, dæmdur til að greiða kr. 738,18 með 6% ársvöxtum, frá stefnudegi til greiðsludags, eða til vara kr. 696,40 með 6% ársvöxtum, frá 12 maí til greiðsludags, ásamt málskostnaði, og loks, að viðurkenndur verði með dómi sjóveðréttur áfrýjanda í e/s „Fjölur“, R. E. 271, fyrir framangreindum upphæðum.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða dómi, hafa stefndu í héraði viðurkennt að skulda áfrýjanda eftirstöðvar af kaupverði kola, kr. 696,40, en auk þess hefir áfrýjandi reiknað sér vexti kr. 41,76 af þessari inneign sinni, og á því

byggist aðalkrafa áfrýjanda. Þessi vaxtakrafa verður eigi tekin til greina af ástæðum þeim, er greinir í hinum áfrýjaða dómi, en hinsvegar ber samkvæmt varakröfu áfrýjanda að dæma stefnda samkvæmt 38. gr. kaupalaganna, nr. 39/1922, til að greiða 5% ársvexti af nefndum kr. 696,40, frá 12. maí 1930 til stefnudags, en þann dag var krafist greiðslu á skuldinni, 6% ársvaxta af kröfunni frá stefnudegi hefir eigi verið mótmælt í undirrétti.

Með nýjum gögnum, er áfrýjandi hefir lagt fram í hæstarétti, að fengnu nóvaleyfi, útgefnu 19. sept. þ. á., er það upplýst, að e/s Fjölnir hætti sildveiðum við Norðurland í byrjun septbr. 1929 og hélt þá til Reykjavíkur og kom þangað 9. s. m. Var skipshöfnin þá afskráð, síðan var nýr skipstjóri fenginn og lögskráð á skipið á ný og lagði það af stað héðan 13. septbr. og stundaði nú saltfiskveiðar við Norðurland um mánaðartíma, samkvæmt eftirriti af leiðarþók skipsins, er lagt hefir verið fram í hæstarétti, hefir skipið á þessari veiðiför komið víða á hafnir á Norðurlandi, þar á meðal til Akureyrar, 28. septbr., 1. og 15. okt., og tók kol hjá áfrýjanda 28. septbr. og 15. okt. en þar hafði það tekið kol, er það stundaði sildveiðarnar, en frá kolaúttektinni 15. okt. stafar skuld sú, er ræðir um í þessu máli.

Stefndu í héraði hafa haldið því fram, að e/s Fjölnir hafi verið gert út frá Akureyri fyrst á sildveiðar sumarið 1929 og síðan á saltfiskveiðar um haustið og hafi skipið allan þennan tíma haft fastan kolareikning við áfrýjanda. Áfrýjandi heldur því hinsvegar fram, að eftir sildveiðitímann hafi umrætt skip alls eigi verið gert út frá Akureyri, að minnsta kosti hafi honum verið alveg ókunnugt um

það, skipstjóri hafi einn samið um kolakaupin 15. okt. til framhaldsferðar skipsins, þ. e. til heimferðarinnar, og hafi áfrýjandi aðeins látið kolin af hendi gegn því að fá sjóveð í skipinu, telur hann, að það geti engu breytt í þessu efni, þótt skipstjóri hafi tekið nokkru meiri kol en ef til vill hafi verið nauðsynlegt til heimferðarinnar, sjálfsagt með það fyrir augum að leita fyrir sér um fiskveiðar fyrir Vesturlandi á heimleiðinni.

Þar sem skipið var statt utan heimilis síns og kolaúttekt skipstjóra var gerð til framkvæmdar ferðar hans, og með því ennfremur ekki verður talið sannað, að útgerðarmenn skipsins hafi samið við áfrýjanda um umrædd kolakaup, verður að líta svo á, að áfrýjandi hafi með samningi sínum við skipstjóra öðlast sjóveð í skipinu samkvæmt 236. gr., sbr. 53. gr. siglingalaganna, og ber því að taka kröfu áfrýjanda um sjóveð í e/s Fjölni til greina. Svo ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í hæstarétti, sem ákveðst 150 kr.

Því dæmist rétt vera:

Skiptaráðandi Reykjavíkur, f. h. þrotabús Lúðvigs C. Magnússonar og Ingvars Benedikts-sonar, á að greiða áfrýjanda, Axel Kristjáns-syni kr. 696,40 með 5% vöxtum frá 12. maí 1930 til stefnudags 8. okt. s. á., og með 6% árs-vöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, kr. 123,50 í málskostnað í héraði og kr. 150 í máls-kostnað í hæstarétti, og hefir áfrýjandi sjóveð í e/s Fjölnir, R.E. 271, fyrir framangreindum upphæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir sjóréttinum, með stefnu útgefinni 8. október s. l. af Jóni Ásbjörnssyni og Sveinbirni Jónssyni, hrm. hér í bæ f. h. Axels Kristjánssonar kaupmanns á Akureyri gegn Lúðvig C. Magnússyni, Klapparstig 11 og Ingvari Benediktssyni, Kárastig 13, báðum hér í bænum, til greiðslu skuldar in solidum fyrir útteknar vörur (kol) til handa e/s „Fjöln“, sem er eign stefndra, upphaflega að upphæð kr. 5169,16, nú að eftirstöðvum kr. 738,18, 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu með kr. 123,50.

Ennfremur hafa stefnendurnir krafizt þess, að umbjóðanda þeirra verði tildæmdur sjóveðréttur í e/s Fjölni R.E. 271 fyrir framangreindum upphæðum.

Stefndir hafa viðurkennt að skulda kr. 696,40, en hafa krafizt sýknu af mismuninum kr. 41,76, en upphæð þessi er vextir, sem umbjóðandi stefnenda hefir reiknað sér af inneign sinni hjá stefndum. Það verður nú ekki séð, að tiltekinn eindagi hafi verið ákveðinn á skuldinni, og lítur rétturinn því svo á, að umbjóðandi stefnenda eigi ekki heimtingu á vöxtum af henni fyrr heldur en hann hefir leitað réttar síns með málsókn eða frá stefnudegi, enda hefir hann með símskeyti til stefndra dags. 12. maí s. l. aðeins kafið þá um hina viðurkenndu upphæð án vaxta, og þykir því verða að taka framangreind mótmæli stefndra til greina, og verða þeir þá aðeins dæmdir til að greiða hina viðurkenndu upphæð svo og málskostnað eins og krafizt hefir verið, þar eð þeir hafi ekki mótmælt honum.

Þá hafa stefndir og mótmælt eindregið kröfu stefnenda um sjóveðrétt í skipinu, en kröfu sína um sjóveðrétt byggja stefnendurnir á því, að skipið hafi verið statt utan heimilis síns, er síðasta úttektin 31½ tonn af kolum átti sér stað þann 15. okt f. á., hún hafi verið gerð af skipstjóranum til framkvæmdar ferðar skipsins frá Akureyri til heimilis þess Reykjavíkur, og sé því fullnægt öllum skilyrðum 236. gr. sbr. 53. gr. siglingalaganna fyrir því, að sjóveð-

réttur hafi stofnast í skipinu fyrir umræddri úttekt, en hin umstefnda skuld sé einmitt eftirstöðvar af henni.

Skipið var nú að visu statt utan heimilis síns er umrædd úttekt fór fram og hún var gerð af skipstjóranum, og er þá eftir að athuga þriðja skilyrðið, það, hvort úttektin hafi snert framkvæmd til einstakrar ferðar skipsins. Það verður að teljast upplýst, að skipið hafi verið gert út frá Akureyri yfir tímabilið frá 8. ág. f. á. til 15. okt. s. á. að m. k. og stefnendurnir hafa ekki haldið því fram, að skipið hafi komið hingað til bæjarins fyrr en 29. okt. f. á. eða hálfum mánuði eftir að síðasta kolaúttekt þess fór fram hjá umbjóðanda stefnenda. Er því sennilegast að skipið hafi stundað veiðar frá Akureyri áður en það lagði af stað hingað og ekki getur það hafa þurft 31½ tonn af kolum til þess að komast hingað. Verður því eigi lítið svo á, að umrædd kolaúttekt öll eð nokkur ákveðinn hluti hennar, þar sem hún er algjörlega ósundurliðuð, hafi verið gerð til framkvæmdar einstakrar ferðar skipsins, heldur almennt til útgerðar þess, og verður krafa stefnenda um sjóveðrétt í skipinu því ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 11. nóv. 1931.

Nr. 34/1931. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

J. R. Bore (Lárus Fjeldsted).

Veiðarfæri í ólægi.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 14. marz 1931: Kærður, John Robert Bore, greiði 1000 króna sekt til Landhelgisjóðs Íslands og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Í hæstarétti hefir verið lagður fram sjóuppdráttur, er forstöðumaður stýrimannaskólans í Reykja-